



Egilsstaðir 29. apríl 2024  
Málsnr. 202404156

## Umsögn Múlaþings við frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjanakosti í vindorku), 900. mál.

Ofangreint mál var til umfjöllunar hjá umhverfis- og framkvæmdaráði 15. apríl sl. vegna kynningar á máli nr. S-79/2024 í Samráðsgátt stjórnvalda - *Áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun með það að markmiði að tryggja ábyrga og skynsamlega nýtingu og vernd landsvæða og orkukosta á Íslandi.*

Í ljósi þess að frumvarpið hefur ekki tekið neinum efnislegum breytingum leggur Múlaþing fram óbreytt umsögn sem samþykkt var á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 29. apríl 2024.

Múlaþing vill taka undir framkomna umsögn Samtaka orkusveitarfélaga og leggur áherslu á að í engu sé skipulagsvaldi sveitarfélaga sett takmarkanir né fram hjá þeim gengið við mat á mögulegum virkjanakostum. Múlaþing vill áréttta að sveitarfélögin fara með hlutverk nærsamfélags og hafa sérþekkingu á sínum svæðum.

Hlutverki nærumhverfis sveitarfélaga á Austurandi eru gerð skil í Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 er að finna kafla um orku og þar kemur fram:

### *B.1 Orkulindir nýtist til eflingar byggðar í landshlutanum.*

*Við ákvörðun um nýtingu vatns, jarðhita og vinds til orkuframleiðslu verði sjálfbærni, umhverfisvernd og landslagsgæði höfð að leiðarjóni og byggt á greiningu á orkukostum og mati á áhrifum nýtingar og orkuflutnings á umhverfi, efnahag og samfélag.*

Fyrir hönd umhverfis- og framkvæmdaráðs Múlaþings

Jónína Brynjólfsdóttir, formaður ráðsins



**Múlaþing**  
Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
mulathing.is